

Þingsályktun

um gerð sáttmála um verndun friðhelgi einkalífs í stafrænum miðlum.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að beita sér fyrir gerð sáttmála á vettvangi Sam-
einuðu þjóðanna um verndun friðhelgi einkalífs í stafrænum miðlum sem feli í sér hvenær
og á hvaða forsendum megi safna eða vinna úr stafrænum upplýsingum um einstaklinga. Sátt-
málinn kveði á um upplýst samþykki fyrir söfnun stafrænna upplýsinga, afturköllun sam-
þykkis, hvaða gögnum megi safna, hver geymi þau og hvar og hvaða upplýsingar séu unnar
úr þeim auk eyðingar þeirra.

Við undirbúning slíks sáttmála verði leitað til þeirra ríkja sem byggja á mannréttinda- og
lýðræðishefð.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 2014.